

Skólareglur

Almennar skólareglur

Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skal höfð að leiðarljósi í samskiptum nemenda og starfsfólks og ætíð þegar komið er fram í nafni skólans. Virða skal markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvívetna að varpa ekki rýrð á heiður hans. Nemendur skulu sýna verkum og skoðunum annarra virðingu. Einelti og eineltismál eru tekin fyrir hjá stjórn skólans. Nemendur skulu vera með framúrskarandi ástundun eða 92%, fari mæting nemanda niður fyrir 87% getur það eitt til brottvísunar úr skólanum. Nemendur skulu mæta stundvíslega til kennslu og tilkynna forföll til skólans. Mæting og ástundu náms er ábyrgð hvers nemanda.

- Nemendur skulu sýna góða umgengni í húsnæði skólans og við notkun á tækjabúnaði hans
- Reykingar og rafsígarettur eru óheimilar í húsnæði skólans
- Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í og við húsakynni skólans.
- Óheimilt er að neyta matar í kennslurýmum skólans.
- Nemendur bera sjálfir ábyrgð á eigin verðmætum sem og tækjabúnaði skólans.
- Nemendur bera fulla ábyrgð á tjóni sem þeir kunna að valda á húsnæði skólans eða eigum hans
- Brot á reglum skólans getur leitt til brottvísunar úr skóla.

Reglur um skólasókn

Ef nemandi mætir ekki fyrstu vikuna á önn og lætur ekki vita af sér með einhverjum hætti svo sem skriflega eða með því að hringja. Þá verður litið svo á að hann ætli ekki að stunda nám við skólann.

Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir og próf nema um óviðráðanlegar aðstæður sé að ræða.

Gefin er einkunn fyrir skólasókn á hverri önn. Einkunnin ákvarðast af tímasókn, stundvísi og fjarvist úr kennslustund.

Skólasóknareinkunn endurspeglar viðveru í tíma eftir að tekið hefur verið tillit til veikinda og /eða leyfa.

Seint: Gefur 0,25 fjarvistarstig sem dregin verða frá skólasóknareinkunn. Nemandi fær seint þegar hann hefur verið fjarverandi í minna en 20 mínútur úr kennslustund.

Fjarvist: Gefur 0,5 fjarvistarstig sem verða dregin frá skólasóknareinkunn. Nemandi fær fjarvist þegar hann hefur verið fjarverandi úr kennslustund í meira en 20 mínútur.

Ef ástundun er ábótavön verða nemendum gefnar skriflegar viðvaranir.

Fyrsta viðvörun er gefin við 87% mætingu. Ef nemandi fer undir 84% mætingu er fall á mætingu og við það verður sjálfkrafa úrsögn nemanda úr námi.

Einkunn	Vægi
10	97% - 100%
9	95% - 96%
8	93% - 94%
7	91% - 92%
6	89% - 90%
5	87% - 88%

Nemanda ber að tilkynna veikindi/forföll með því að hringja í síma 571-2279 eða senda tölvupóst á netfangið harakademian@harakademian.is

Ef um veikindi ræðir, ber nemanda að framvísa læknisvottorði. Læknisvottorð má ekki vera eldri en tveggja vikna frá veikindum. Ef veikindi vara í tvo daga eða lengur og eru vottuð af lækni. Telst þá aðeins helmingur af viðkomandi fjarvistarstigum með til útreiknings á skólasóknareinkunn. Það er að segja, læknisvottorðið gildir einungis fyrir annann daginn.

Ítrekuð brot á skólareglum geta varðað brottvísun úr skóla.

Andmælaréttur nemenda

Á grundvelli skólareglna er hægt að vísa nemenda úr einstökum áföngum eða úr skóla vegna lélegrar skólasóknar eða brot á reglum skólans. Nemandi fær skriflegar viðvaranir áður.

Andmælaréttur nemanda er mikilvægur. Komi upp ágreiningsmál innan skólans, á nemandi rétt á að senda inn formlegt skriflegt erindi til stjórn skólans. Bréfið á að innihalda málsvörn nemanda og málið mun vera tekið fyrir á næsta stjórnarfundum skólans. Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði.

Eftir að stjórn skólans hefur tekið málið fyrir og ákvörðun tekin í samræmi við forsendur erindis mun nemandi fá skriflega staðfestingu á úrskurði málsins.